

Aðalfundur Völsungs

13.5.2025

Vallarhúsi

kl: 20:00

Mætt úr aðalstjórn: Bergur Jónmundsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Lilja Friðriksdóttir, Erla Bjarnadóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson, Gunnólfur Sveinsson og Jónas Halldór Friðriksson sem framkvæmdarstjóri.

Einnig eru mættir átta félagsmenn.

1. Formaður setur fundinn

Bergur Jónmundsson formaður aðalstjórnar Völsungs kemur upp, býður fundargesti velkomna og setur fundinn formlega.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Bergur kemur upp og leggur til að Linda Margrét Baldursdóttir verði fundarstjóri og Lilja Friðriksdóttir verði fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

Linda þakkar Bergi fyrir og tekur því næst við stjórn fundarins.

3. Skýrsla stjórnar

Jónas kemur upp og fer yfir helstu atriði úr skýrslu stjórnar.

Jónas bendir á að skýrsla stjórnar sé á borðum fundargesta en einnig að hún hafi verið birt á heimasíðu – og fésbókarsíðu félagsins.

- Guðrún Kristinsdóttir tekur til mála og lýsir óánægju sinni með að stjórn félagsins hafi látið það viðgangast og ekkert aðhafst í það að deildin hafi afskræmt merki félagsins. Bergur formaður svarar erindinu og segir hvernig aðalstjórn aðhafðist í málinu.
- Egill tekur til mála og þakkar fyrir góða skýrslu. Egill tekur undir orð Guðrúnar varðandi merki píludeildarinnar. Egill spyr einnig út í framkvæmdir á fótboltavellinum og samskipti við framkvæmdaaðila. Jónas svarar erindi Egils.
- Ingólfur þakkar fyrir góða skýrslu og leggur áherslu á hve tölfræðin er mikilvæg.

4. Ársreikningar lagðir fram

Jónas Halldór framkvæmdastjóri kemur upp og fer yfir lykiltölur úr ársreikningi Völsungs. Ársreikningurinn var settur á heimasíðu félagsins fyrr í dag og er því aðgengilegur öllum félagsmönnum.

- Lúlli þakkar yfirferðina og spyr út í hversu hár þjónustusamningur við Norðurþing er. Lúlli spyr einnig út í leikmenn sem eru skráðir í ársreikning félagsins. Jónas svarar fyrirspurn Lúlla.
- Egill þakkar skýra og góða skýrslu. Hann spyr út í slakari afkomu á árinu 2024 en áður og hvernig aðalstjórn ætlar að koma í veg fyrir að tap haldi áfram að aukast.
- Rætt er um æfingagjöld og frístundastyrk.

Ársreikningar eru samþykktir af öllum mættum félagsmönnum.

5. Lagabreytingar

Fyrir fundinum liggur ein lagabreyting. Lagabreytingin barst aðalstjórn 1. maí 2025 og var því innan þess ramma sem lögin gera ráð fyrir. Lagabreytingin gerir ráð fyrir breytingu á 3. grein laga félagsins.

Ingólfur tekur til máls en hann sendi þessa lagabreytingu inn fyrir aðalfundinn á tilsettum tíma. Hann gerir grein fyrir ástæðu þessarar tillögu.

Lagabreytingin er samþykkt af öllum mættum félagsmönnum.

6. Árgjöld

Linda leggur fram tillögu stjórnar um að árgjald/félagsgjald verði 5.000 kr. Öllum greiddum félagsgjöldum mun áfram fylgja félagskort sem veitir afslætti víðsvegar um bæinn. Kortin verði rafræn líkt og núverandi skírteini.

Samþykkt samhljóða.

7. Kosið í stjórn + endurskoðendur reikninga

Kosning í stjórn Völsungs.

Tillaga stjórnar:

Formaður: Bergur Jónmundsson

Samþykkt samhljóða.

Meðstjórnendur: Gunnólfur Sveinsson, Ingvar Björn Gunnlaugsson, Arney Kjartansdóttir og Bylgja Steingrímsdóttir.

Varamenn: Jóna Björg Pálmadóttir og Kristín Kjartansdóttir

Stjórn aðalstjórnar er samþykkt samhljóða.

Aðalstjórn Völsungs leggur til að PWC verði endurskoðandi félagsins áfram.

Samþykkt samhljóða.

8. Starfsnefndir

Á árinu 2024 var Sögunefnd Völsungs starfandi og hefur unnið frábært starf fyrir félagið. Sögunefndin heldur áfram að starfa og skrá sögu Völsungs.

Öll hvött til að skrá sig á spjöld sögunnar og leggja verkefninu þannig lið. Þau sem vilja skrá sig á spjöld sögunnar geta greitt valgreiðslu og fá þá nafn sitt birt á síðunni.

9. Önnur mál

Fyrir fundinum liggur almenn tillaga frá Ingólfi Freyssyni og kemur hann og gerir grein fyrir henni. Ingólfur leggur til að aðalfundurinn samþykki að stjórn félags hefji undirbúning að Völsungur skrái merki sig sem Hugverkastofnunar. Með þessu getum við varið hugverk okkar, Völsungsmerkið, sem sé ein dýrmætasta eign félagsins.

Ingólfur leggur til að skipuð verði þriggja manna nefnd sem vinnur að málinu og leggur síðan fyrir aðalstjórn.

Framkvæmdastjóri lýsir ánægju sinni á þessari tillögu og leggur til að merkið verði endurskoðað í framhaldinu. Kominn sé tími til að skoða félagsmerkið og að gaman væri að birta nýtt, uppfært merki á 100 ára afmæli félagsins.

Viðaukatillaga er borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhlíða.

Tillaga Ingólfs er þá lögð fram til samþykktar með viðaukatillögunni.

Samþykkt samhlíða.

Aðalfundur vísar tillögu Ingólfs til aðalstjórnar félagsins sem heldur þessari vinnu áfram.

- Egill óskar nýjum stjórnarmönnum velfarnaðar og þakkar fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir vel unnin störf.
- Ingólfur leggur til að ný stjórn verði mynduð og birt á síðum félagsins.
- Jónas segir frá breytingum í stjórn Bocciadeildarinnar. Rannveig Þórðardóttir gengur úr stjórn og Hermína, Sigurlaug og Sigurgeir skipa nýja stjórn Bocciadeildarinnar.

Fundi slitið kl. 21:35